



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 1. nóvember 2019

RMF19110001

3.1.0

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um kröfur vegna veitingu styrkja til skemmtistaða varðandi réttindi starfsfólks í***

Á fundi borgarráðs þ. 29. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Í nýlegu tölublaði Fréttablaðsins er fjallað um stuðning til minni tónleikastaða sem er frábært og af hinu góða en við hliðina á þeirri frétt er frétt um ný útkomna skýrslu ASÍ um brotastarfsemi á vinnumarkaði þar sem rætt er um að helmingur krafna sem stéttafélögin gera fyrir hönd vinnandi fólks komi úr hótél-, veitinga- og ferðapjónustu. Hvað ætlar Reykjavíkurborg að gera til þess að tryggja að þeir staðir sem fá styrki virði að öllu leyti réttindi starfsmanna sinna.

Því er til að svara að í menningar-, íþrótt- og tólmstundaráði var nýlega tekin ákvörðun um hverjir hljóta stuðning úr úrbótaþjóði tónleikastaða á næsta ári. Næsta skref felst í því að gera samninga við viðkomandi rekstraraðila. Við gerð þeirra samninga, verður jafnframt vísað í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem gerir kröfu um að fyrirtæki sem borgin kaupir þjónustu af mismuni ekki starfsfólki sínu. Ennfremur verður með vísan í heimild í styrkjareglum Reykjavíkurborgar sett inn ákvæði í samninga þess efnis að viðkomandi rekstraraðili muni ábyrgjast og tryggja öll lög- og kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks síns. Verði vanefnd þar á áskilji Reykjavíkurborg sér rétt til að stöðva styrkveitingu þar til staðurinn gerir nauðsynlegar úrbætur eða eftir atvikum að stöðva styrkveitingu alfarið verði veruleg vanefnd þar á af hálfu tónleikastaðarins og þá að viðlögðum endurkröfurétti borgarinnar.

Arna Schram  
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur

